

# Umhverfisnefnd Heiðarskóla

3. fundur 23. mars 2022

Mættir: Róbert Logi, Gunnjóna, Ástrós Jóna, Haukur, Lóa, Oddur, Veronika, Arna Rún, Aldís Tara, Sigríður Lára, Helena, Sigríður Vilhjálmsdóttir og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Í gær var dagur vatnsins og við fórum yfir það hvað stigin gerðu af því tilefni.
- Á síðasta fundi kom fram hugmynd að halda fjáröflun í stað þess að taka þátt í jóli í skókassa. Í næstu viku 31. mars kl 18 verður Páska bingó til að safna fyrir börn í Úkraínu.
- Seinni matarviktunarvika er framundan og líklega næst það fyrir páskafrí.
- 25. apríl er dagur umhverfisins. Allskonar viðburðir hafa verið á þessum degi eins og fyrirlestrar, hreinsun stranda og skólalóðar. Kallað eftir hugmyndum að því hvað hægt er að gera.
  - Nýta gömul föt til að búa til ný
  - Hreinsa umhverfið
- Viðburðir frammundan ræddir eins og Survivor. Umræða um að búið sé að taka ákvarðanir um hluti eins og hvort liðin eigi að vera ákveðnir litir eða dýr áður en farið er af stað í undirbúning til að ekki fari of mikill tími í að ákveða það í hópunum.
- Rætt um stöðu á endurvinnslutunnum. Þarf að minna á hverjir eiga að tæma í ljósritunarherbergi og bókasafni (unglingarnir).
- Umræða um föt, endurnýtingu á þeim og hvað þarf mikið vatn til að búa þau til.
- Farfuglar farnir að koma og búið að setja upp myndir af þeim sem hafa sést.

Fundi slitið 13.2

Þórdís Þórisdóttir